

LÖG

um

30

15. júní

**heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandidat Sveinbirni
Högnasyni embætti á Íslandi.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandidat Sveinbirni
Högnasyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

31

15. júní

skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglufjarðar hefir haft af
byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem